

Reykjanesbær
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 18. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0057
LA

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagstillögur fyrir lághitaborholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði í Reykjanesbæ

Vísað er í tölvubréf frá Reykjanesbæ, dags. 30. maí 2024, í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytinga á landnotkun aðalskipulags og nýs deiliskipulags fyrir lághitaborholur við Vogshól og Njarðvíkurheiði.

Markmiðið með aðalskiplagsbreytingunni er að breyta landnotkun úr opnu svæði við Vogshól og óbyggðu svæði við Njarðvíkurheiði í iðnaðarsvæði. Iðnaðarsvæðin tvö, I-10 og I-11, verða hver um sig um 1 ha að stærð með lághitaborholum sem fyrirhugað er að þjóni sem varaleið heitavatnsframleiðslu á Reykjanesi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og telur að þar komi fram helstu þættir sem fjalla þarf um við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Fyrirhuguð iðnaðarsvæði eru ekki á eða í nálægð svæða á náttúruminjasrá. Iðnaðarsvæðið við Njarðvíkurheiði; I-11, er staðsett við nútímahraun, Sandafellshæð, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Ekki er talið líklegt að iðnaðarsvæðið muni hafi mikil áhrif á verndargildi hraunsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt á frekari ábendingum síðar á ferlinu.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

